



8. BEKKUR

VETURINN 2009 -2010

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nýtt skólaár er nú hæfið og er mikilvægt að nemendum líði vel í skólanum og að námsumhverfi sé í alla staði gott. Til þess að það geti orðið þurfa allir að vera stundvísir, sýna góða hegðun og vinnusemi, bæði í skólanum og heima. Einnig er mikilvægt að nemendur temji sér sjálfstæð, öguð vinnubrögð og vandvirkni, læri að skipuleggja vinnu sína og beri ábyrgð á henni.

Eitthvert heimanám verður flesta daga og færa kennarar það inn á fjölskylduvef Mentors auk þess sem í upphafi eða lok kennslustundar skrifa kennarar heimavinnuna á töflu og eiga nemendur að skrá hana í skóladagbókina sína. Foreldrar eiga að hafa aðgangsorð að fjölskylduvefnum en hafi það glatast má hafa samband við ritara skólans. Jafnframt hafa nemendur fengið sinn aðgang að Mentor.

Foreldrar komu ásamt nemendum í viðtal í upphafi skólaárs. Tilgangurinn var að fá nemendur til að velta ofurlítið fyrir sér stöðunni og setja sér markmið fyrir veturinn. Í janúar verða aftur viðtöl, farið yfir markmiðin og athugað hvernig hafi gengið að ná þeim. Ef það lítur út fyrir að þau muni ekki nást eða séu ekki nógu krefjandi verður að endurskoða þau og jafnvel setja ný.

Í vetur verður áfram unnið eftir SMT-skólafærni þar sem markmiðið er að vinna með hegðun nemenda með jákvæðri hvatningu.

Að lokum viljum við benda foreldrum á að hafa samband við undirrituð ef einhverjar spurningar vakna.

Með ósk um gott samstarf!

8.HF Hrefna Frímann hrefna@akmennt.is

8.B Sigurður F. Sigurðarson bibbi@akmennt.is

Íslenska

Aðaláherslur: Nemendur verða þjálfaðir í lestri, ritun, töluðu máli, málfræði og stafsetningu. Mikil áhersla verður lögð á lestur. Nemendur munu velja bækur til að lesa sem þeir kynna síðan auk þess sem árgangurinn allur mun lesa tvær sögur, eina Íslendingasögu og eina nútímasögu. Verkefni verða unnin í tengslum við lesturinn, bæði skrifleg og munnleg. Vinna með ljóð verður fléttuð inn í annan lestur, verk nokkurra íslenskra skálda verða lesin og rædd með tilliti til forms og bragfræði, þar sem sjónum verður sérstaklega beint að Davíð Stefánssyni og hans skáldskap. Lögð verður áhersla á að nemendur geti tjáð sig í rituðu máli með fjölbreyttum orðaforða, rétttri notkun greinarmerkja og stafsetningar, m.a. skrifa nemendur ritgerð þar sem lögð verður áhersla á framangreinda þætti. Að auki læra nemendur stuttar þjóðsögur og endursegja þær ýmist skriflega eða munnlega. Í málfræðinni verður unnið með fallorð, sagnorð og smáorð. Orðaforði verður aukinn og málvitund eflað með umræðum og verkefnum.

Kennsluhættir: Kennari leggur inn nýtt efni annað hvort frá töflu eða einstaklingslega. Nemendur vinna svo einir eða í litlum hópum að verkefnum í námsefninu ýmist skriflega, munnlega eða

myndrænt.

Námsefni: *Hrafnkels saga Freysgoða, Vestur í bláinn, ýmsar ljóðabækur, Fallorð, Sagnorð, Smáorð, Orðhákur I, Mályrkja I, stafsetningaræfingar* og ýmis verkefni frá kennurum.

Uppákomur og heimsóknir: Farið í vettvangsferð í Davíðshús og stefnt er að því að hafa kynningu fyrir foreldra þar sem Davíð Stefánsson og verk hans verða kynnt í máli, myndum, dansi og tónlist. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í samstarfi við aðra skóla í bænum.

Heimanám: Flesta daga er eitthvert heimanám og er það tengt því sem verið er að fjalla um í kennslustundum á hverjum tíma. Ritgerðir verða að stærstum hluta unnar heima.

Námsmat: Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda, nemendur munu einnig meta sig sjálfir auk þess sem félagar meta hver annan. Haustönn: Kannanir 40%. Ritanir og ýmis verkefni 50%. Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 10%. Vorönn: Annarpróf og kannanir 50%. Ritanir og ýmis verkefni 40%. Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 10%.

Kennslustundafjöldi: 6 stundir á viku.

Kennarar: Hrefna Frímenn 8.HF og Sigurður F. 8.B

Stærðfræði

Aðaláherslur: Að nemendur öðlist góða þekkingu og skilning á helstu þáttum stærðfræðinnar.

Meginmarkmið með stærðfræðikennslunni er að nemandinn nái valdi á stærðfræðilegri hugsun og til þess munum við þjálfar nemendur í því að tjá hugsun sína munnlega og skriflega. Lögð er áhersla á vandaðan frágang, uppsetningu dæma og auk þess sem reynt verður að hafa þrautalausnir reglulega.

Kennsluhættir: Við upphaf hvers kafla er farið í markmið hans og þau rædd. Ný atriði eru lögð inn frá töflu, einstaklingslega eða í litlum hópum og nemendur glósa í vasabók eða reikningsbók þegar við á. Í framhaldi af því vinna nemendur einstaklingslega eða í litlum hópum að verkefnum í kennslubókunum *Átta-10₁ og 2*. Áhersla er lögð á að nemendur hjálpið að við lausn verkefna. Ætlast er til að nemendur sýni aðferð við lausn allra dæma nema annað sé tekið fram. Í sumum tímum verður reynt að blanda bekkjunum og kenna þeim saman.

Námsefni: *Átta-10₁ og 2*. Bækurnar eru eign skólans og nemendur mega ekki skrifa í þær. Ljósrit frá kennurum. Sumir nemendur vinna að auki með Almenna stærðfræði I og 8 +.

Uppákomur og heimsóknir: Á Degi stærðfræðinnar verða unnin sérvalin verkefni samkvæmt þema hverju sinni.

Heimanám: Nemendur vinna það sem þeim er sett fyrir dag frá degi og það er nauðsynlegt að halda áætlun til að dragst ekki aftur úr.

Námsmat: Kennari metur vinnu og árangur nemenda. Vægi er sem hér segir: Heimavinna þar með talin heimapróf, verkefni, vinnusemi og vinnubrögð 40%. Kaflapróf, glæruæfingar og önnur próf 60%.

Kennslustundafjöldi: 6 stundir á viku.

Kennarar: Hrefna Frímenn 8.HF, Sigurður F. 8.B

Erlend tungumál

Danska

Aðaláherslur: Megináhersla verður lögð á að auka orðaforða nemenda og efla skilning á rituðu máli með textavinnu af ýmsu tagi. Hlustunar- og talæfingar verða reglulega og lögð áhersla á framburð og málnotkun. Í málfræði verður farið í nútíð sagna, óákveðinn og ákveðinn greini nafnorða og fornöfn. Þá verður horft á danska kvikmynd, dönsk blöð lesin og ýmsar danskar vefslóðir verða skoðaðar t.d. í tengslum við hópverkefni.

Kennsluhættir:

Textavinna: Textarnir í *Tænk* eru mjög mismunandi að lengd og þyngd. Haft er að leiðarljósi að nemendur þjálfist í að beita lestraraðferðunum fjórum, þ.e. leitar-, yfirlits, nákvæmnis- og hraðlestri og að þeir venjist á að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi. Á eftir flestum lestextum eru

ritunarverkefni tengd orðaforða þeirra. Vinnubókin byggist á lesskilnings- og orðaforðaverkefnum sem tengjast þeim textum sem unnið er með hverju sinni. Einnig er unnið með texta á annan hátt, m.a. vinna nemendur hlustunaræfingar, málfræðiæfingar og samtalsæfingar. Stöku sinnum eru unnin hópverkefni. Nemendur lesa smásögur sjálfstætt og taka próf úr þeim.

Hlustun: Hlustunaræfingar úr *Hvad siger du?* Af og til myndbandsverkefni úr *Og det er Danmark*. Byrjað á að glósa ný orð. Æfingar spilaðar jafn oft og þörf krefur.

Málfræði: Kennari leggur inn á töflu málfræðireglur sem nemendur skrifa hjá sér. Nemendur vinna síðan verkefni sem tengjast viðkomandi málfræðiatríði. .

Námsefni: *Tænk*, lesbók og verkefnabók, *Hvad siger du? A*, (hlustunarefni), *Og det er Danmark* (myndbandsverkefni), smásögur og ýmis verkefni úr smiðju kennara. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að orðabók.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur tungumála er 26. september, og mun 25. september verða einhvers konar uppákoma til að vekja athygli á erlendum tungumálum.

Heimanám: Nemendur vinna verkefni í vinnubók og eru þau tengd því sem verið er að fjalla um í kennslustundum á hverjum tíma. Verkefni eru margvísleg lesskilningsverkefni, orðaforðaverkefni og ritunarverkefni. Jafnframt lesa nemendur smásögur heima.

Skil á heimavinnu eru metin í vinnueinkunn.

Námsmat: Haustönn: Próf og kannanir 55%. Ritanir og verkefni 25%. Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 20%. Vorönn: Annarpróf og kannanir 70%. Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 30%.

Kennslustundafjöldi: 4 stundir á viku.

Kennari: Sonja Dagsdóttir.

Enska

Aðaláherslur: Nemendur eru þjálfaðir í hlustun, lestri, töluðu máli, ritun og málfræði. Megináhersla verður lögð á að auka orðaforða þeirra og efla skilning á rituðu máli með textavinnu af ýmsu tagi. Áhersla er lögð á að nemendur geti tjáð sig munnlega á ensku og skilji talað mál.

Kennsluhættir: Kennd verður les- og vinnubókin *Matrix Foundation*. Textar verða lesnir, verkefni unnin og orð glósuð úr lesbók. Vinnubók er að hluta unnin í heimavinnu. Einnig er unnið með texta úr bókunum *Go For it*, *Unexplained Mysteries*, *Incredible Rescues* og stuðst við bókina *Ensk málfræði einn, tveir, þrír*. Tímarnir skiptast í málfræðivinnu, stílagærð, þýðingar, hlustun og talað mál. Nemendur eru hvattir til að lesa léttlestrarbækur heima. Nemendur horfa á eina kvikmynd með enskum texta á hvorri önn og vinna verkefni úr þeim. Einnig verða unnar gagnvirkar málfræðiæfingar á vef VMA eða leitað að efni á ensku í tengslum við aðra verkefnavinnu. Til tilbreytingar eru notuð verkefni af skólavef, krossgátur, leikir o.fl.

Námsefni: *Matrix Foundation*, vinnu- og lesbók ásamt hlustunarefni, , *Go for it* ásamt verkefnahefti, *Ensk málfræði einn, tveir, þrír*. *Accent on English*, *Unexplained Mysteries* ásamt hlustunarefni. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að orðabók.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur tungumála er 26. september. Þann dag er einhverskonar uppákoma sem á að vekja athygli á erlendum tungumálum.

Heimanám: Heimanám er sett fyrir flesta tíma og kannað í þeim næsta. Einnig þurfa nemendur stundum að ljúka verkefnum dagsins heima. Að auki vinna nemendur eitt stærra verkefni á önn, verkefni um mynd sem horft er á í tíma. Skiladagar á þessum verkefnum eru gefnir með góðum fyrirvara.

Námsmat: Haustönn: Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 20%. Ritanir, sagnakannanir og önnur verkefni 20%. Kaflapróf 45%. Hlustun 15%. Vorönn: Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 20%, Verkefni og kaflapróf 40%, Lokapróf 40%.

Kennslustundafjöldi: 4 stundir á viku.

Kennari: Björk Jónsdóttir.

Lífsleikni

Aðaláherslur: Að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann efla félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Að auki munu hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi heimsækja nemendur og ræða um m.a. svefnvenjur, námstækni og geðheilbrigði.

Kennsluhættir: Umræður, verkefnavinna, bekkjarfundir og hópvinna.

Námsefni: Stuðst við *Að ná tökum á tilverunni* og *Að vaxa úr grasi*.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Umsjónarkennarar sjá um annan tímann, námsráðgjafi, Árný, sér um hinn tímann.

Heimilisfræði

Aðaláherslur: Lögð er áhersla á persónulegt hreinlæti og mikilvægi hreinlætis við matargerð, flokkun á sorpi, þekkingu á helstu næringarefnum. Rætt er um mikilvægi holls mataræðis. Fjallað er um átröskunarsjúkdóma, matarmenningu, mat og trúarbrögð, mat og sjúkdóma, neytendafræði og verslunarsálfræði. Helstu bakstursaðferðir þjálfaðar og einnig matreiðsla á einföldum réttum.

Nemendur eru þjálfaðir í að fara eftir uppskriftum, minnka þær og stækka.

Kennsluhættir: Í byrjun kennslustundar er rætt um verkefni dagsins og skipt í vinnuhópa. Hver hópur fær sitt verkefni og gengur kennari á milli og hjálpar til eftir þörfum. Bóklegir tímar eru nokkrir.

Nemendur fá spurningahefti sem þeir svara með hjálp kennara.

Námsefni: *Heimilisfræði II*, matur og menning og verkefni frá kennara.

Námsmat: Frammistaða og hegðun metin eftir hvern tíma sem gildir 50% af lokaeinkunn, skriflegt próf 25% og verklegt próf 25%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Erna Guðjónsdóttir og Arnfríður Jóhannsdóttir.

Íþróttir - líkams- og heilsurækt

Skólaíþróttir

Aðaláherslur: Að nemendur temji sér góða umgengni og framkomu. Að þeir öðlist aukna færni í knattleikjum, frjálsum íþróttum og almennum leikfímiaefingum svo og öðrum íþróttagreinum. Að nemendur tileinki sér enn frekar góða virkni í þol- og styrktaræfingum. Að nemendur skynji líkama sinn betur og beri sjálfir ábyrgð á honum. Stuðlað er að alhliða þroska hvers nemanda, heilsufar hans eftir og afkastageta. Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur góð áhrif á líkamlega heilsu, jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan og styrkir sjálfsmynd og vellíðan.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki, nemendur vinna mikið í hópum, en þó eru einnig einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð.

Námsefni: Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, þrek- og styrktaræfingar, jafnvægisæfingar, knattspyrna, körfuknattleikur, handknattleikur, bandý, blak, borðtennis, hnit, útihlaup og útileikir.

Námsmat: : Virkni í tímum, áhugi og ástundun gildir 50%, félagsfærni/samskipti og hegðun 20% og færni 30%.

Ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttatíma eða farið í sturtu er viðkomandi vinsamlegast beðinn um að koma með skriflega staðfestingu þess efnis frá foreldrum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Páll Gíslason og Rainer Jessen.

Skólasund

Aðaláherslur: Að nemendur njóti þess að stunda sund og hafi af því bæði lærdóm og ánægju. Að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun í sundi sem oft einkennir unglingsárin. Að auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekbátta er höfð að leiðarljósi. Að ná góðu valdi á aðferðum og uppfylla skilyrði 8. stigs við lok skólaárs. Allir gætu þurft á því að halda, hvar og hvenær sem er, að bjarga sér eða öðrum úr vatni og eins er sundiðkun mjög góð og holl hreyfing fyrir líkamann.

Kennsluhættir: Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar bæði af bakka og ofan í laug. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum. Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu í skólasundið og í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), því aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur og sundbolur).

Námsefni: Bringusund, skrið- og baskriðsund, skólabaksund, kafund og stunga af bakka, marvaði og björgunarsund, flugsund, leysitök, fatasund, leikir, blak, sundknattleikur, boðsund, bretta- og dýnusund.

Námsmat: Nemendur fara í stöðupróf á vetrinum og taka síðan lokapróf að vori í 8. sundstigi. Færni í prófum gildir 30%, virkni, áhugi og ástundun 50% og félagsfærni/samskipti og hegðun 20%.

8. sundstig.

- 25 m skriðsund (stílsund).

- 25 m baksund (stílsund).

- 8 m kafund (stílsund).

- 50 m bringusund á tíma (tímalágmark 67 sek.).

- 25 m skriðsund á tíma (tímalágmark 30 sek).

- 400 m viðstöðulaust þolsund með frjálstri aðferð.

- troða marvaða í 1 mínútu.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennarar: Rainer Jessen og Páll Gíslason.

Náttúrufræði

Líffræði

Aðaláherslur: Líffræði verður kennd á haustönn. Nemendur kynnast vísindalegum og fræðilegum hugtökum og vinnubrögðum. Markmiðið er að nemendur læri hver helstu einkenni lífvera eru, hverjar nauðþurftir þeirra eru og hvernig þær eru uppbyggðar. Meginmarkmiðið er að auka virðingu fyrir náttúrunni, lífi og umhverfi. Umfjöllun um íslenskar lífverur verður tengd viðfangsefnunum eins mikið og kostur er.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, umræður, sýnikennsla, tilraunir og myndbönd.

Námsefni: *Einkenni lífvera* (1., 2. og 5. kafli).

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna verkefni sem þeim fylgja ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Námsmat: Verkefni, skýrslur, vinnusemi og vinnubrögð 30%. Kannanir og lokapróf 70%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku hálfan vetur.

Kennarar: Sigurður Arnarson 8.HF og Sigurður F. 8.B

Eðlisfræði

Aðaláherslur: Eðlisfræði verður kennd á vorönn. Hugtökin rúmmál, massi, eðlismassi og þyngd verða rifjuð upp ásamt útreikningum þeim tengdum og SI einingum. *Einnig* læra nemendur um eðli og einkenni hljóðbylgna og víxlverkun þeirra og um eðli og eiginleika ljóss og notagildi þess. Tilraunir og skýrslugerð er *partur* af náminu.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, sýnikennsla, umræður, tilraunir og myndbönd.

Námsefni: *Orka* kafla 1, 2, 4 og 5 og ýmis ljósrituð verkefni frá kennara.

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna verkefni sem þeim fylgja ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Námsmat: Verkefni, skýrslur, vinnubrögð og vinnusemi 30%. Kannanir og lokapróf 70%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku hálfan vetur.

Kennarar: Sigurður Arnarson 8.HF og Sigurður F. 8.B

Samfélagsgreinar

Landafræði

Aðaláherslur: Á haustönn verður farið verður í grunnatriði almennrar landafræði. Helstu viðfangsefni verða lestur korta, uppbygging baugans jarðar, saga jarðar, myndun og mótun lands, loftslags- og gróðurbelti og samskipti manns og náttúru.

Kennsluhættir: Eftir að búið er að lesa textann í bókinni er fjallað um það sem lesið var, rætt, útskýrt og glósað og að auki unnin skrifleg verkefni sem eru á eftir hverjum kafla í bókinni. Steinar verða skoðaðir og reynt að greina bergtegundir. Horft verður á myndbönd tengd efninu. Einnig verða unnin verkefni s.s. kortaverkefni.

Námsefni: *Landafræði fyrir unglina 1. hefti. Landabréfabók. Myndbönd.*

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og þurfa oftast að vinna verkefni sem þeim fylgja.

Námsmat: Um er að ræða símat. Kennari metur verklega og skriflega vinnu nemenda jafnóðum.

Kannanir eru lagðar fyrir reglulega eða eftir hvern kafla og heimavinna og vinnusemi í kennslustundum metin. Vægi kannana er 45%, verkefnavinna 45% og ástundun 10%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku hálfan vetur.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir.

Saga

Aðaláherslur: Fjallað verður um daglegt líf, fermingu, menntun og framtíðarmöguleika ungs fólks fyrr á tímum. Reynt verður að efla skilning nemenda á kjörum fólks á Íslandi fyrr og nú. Þá verður fjallað um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og helstu frumkvöðla hennar.

Kennsluhættir: Ætlast er til þess að nemendur setji sig í spor unglings frá því undir lok 19. aldar og beri saman við líf og aðstæður unglina í dag, auk þess sem aðstæður pílta og stúlkna eru bornar saman. Fjallað er um Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar með því að lesa texta, glósa, ræða og vinna skrifleg verkefni. Nemendur vinna að auki heimildaverkefni tengt efninu. Nemendur skila vinnubók með öllum verkefnum.

Námsefni: *Í fullorðinna tölu*, nemendabók, myndahefti og bréf og minningar, *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar*, leikin heimildamynd um Jón Sigurðsson.

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna verkefni sem þeim fylgja og heimildavinnu ef tími vinnst til.

Námsmat: Um er að ræða símat. Kennari metur verklega og skriflega vinnu nemenda jafnóðum.

Kannanir eru lagðar fyrir reglulega eða eftir hvern kafla og heimavinna og vinnusemi í kennslustundum metin. Vægi kannana er 45%, verkefnavinna 45% og ástundun 10%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku hálfan vetur.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir.

Upplýsinga-og tæknimennt

Upplýsingatækni

Aðaláherslur: Að nemendur öðlist öryggi í vinnu við tölvur og séu óhræddir við að þreifa sig áfram og auka við þekkingu sína. Að nemendur noti rétta fingrasetningu og auki hraða við vélritun. Þjálfar nemendur í að vinna saman að verkefnum. Þeir læri að setja upp skjöl í ritvinnslu og að gera glærukynningu. Að nemendur geti búið til einföld línurit í Excel. Að nemendur þekki mismunandi hugbúnað

Kennsluhættir: Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Kennari leggur inn verkefni á töflu eða í tölvum nemenda. Nemendur vinna verkefni ymist einir eða með öðrum. Nemendur leysa verkefni, leita lausna sjálfir, með aðstoð félaga eða kennara.

Námsefni: Efni frá kennara, internetið og ýmis forrit, s.s. Word, Powerpoint og Excel.

Námsmat: Verkefni og kannanir 60%. Frammistaða í tímum, hegðun, vinnusemi og sjálfstæði 40%.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennari: Jón Magnússon.

Valgreinar

Myndmennt

Helstu áherslur: Myndmennt er valgrein og er lögð meiri áhersla á sjálfstæði og þroska og að þjálfar nemendur svo að þeir verði færir um að móta eigin hugmyndir í ýmsan efnivið. Efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika þeirra. Lögð er meiri áhersla á hugmyndavinnu og tilraunir í sköpun ásamt því að nemandi sé fær um að ganga frá verkum til sýningar.

Kennsluhættir: Verklegr kennsla og sýnikennsla í myndmenntastofu.

Viðfangsefni eru m.a. mannlíkaminn og hlutföll hans. Teikning eftir fyrirmynd s.s. uppstillingu og/eða umhverfi. Nemendur fá að auki að vinna frjálst grafískt myndverk. Listasaga verður meira tengd viðfangsefnum og listgagnrýni. Áhersla lögð á málun og mótun.

Námsefni: *Myndmennt 1 og 2*, ýmsar listaverkabækur, efni af veraldarvefnum, umhverfið o.fl.

Heimsóknir og uppákomur: Heimsókn á Listasafnið.

Námsmat: Hvert verkefni er metið sérstaklega og gilda þau 60% af einkunn. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, afköst, hegðun og framkoma gilda 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Guðný Lára Gunnardóttir.

Handmennt og hönnun

Aðaláherslur: Að hausti er byrjað að fara yfir undirstöðuatriði við meðferð saumavéla, heiti og hugtök sem tengjast saumskap yfirleitt. Eitt af markmiðum greinarinnar er að nemendur vinni sjálfstætt og sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum. Unnið verður að verkefni fyrir Rauðakrossinn, það verkefni heitir **Föt sem framlag**. Nemendur sauma og þrjúna ungbarnafatnað sem gefin er og sendur til Malavi, eftir það geta nemendur valið sér verkefni og aðferðir s.s. fatasaum, þrjón, hekl, þæfing, útsaum og fleira. Þeir læra að sauma flíkur eftir auðveldum sniðum og nota uppskriftir. Nemendur fá bók sem þeir eiga að skrifa í eftir hvern tíma hvað þeir gerðu og einnig að rissa í hana hugmyndir sínar.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla og verklegar æfingar.

Námsmat: Vinnubók 20%, verkefni 40% og vandvirkni, vinnusemi og sjálfstæði 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Guðfinna Sverrisdóttir.

Hönnun og smíði

Aðaláherslur: Meginviðfangsefni nemenda er hönnun og smíði nytjahluta. Nemendur vinna með ýmis efni s.s. tré, málm, plast, gler og leður og læra að halda utan um ferlið frá hugmynd að verkefni að fullunninni vöru. Þeir læra einnig hvernig ákveða á festingar og tengingar hluta með hliðsjón af efni og útliti. Farið er yfir grunneiningar rafmagnsfræðinnar og lóðningu íhluta í einfaldri rafrás. Nemendur geta valið úr rafmagnsverkefnum þar sem þeir vinna með lágspennt rafmagn og um leið hanna þeir og smíða umbúðir þannig að vel megi fara. Áhersla er lögð á að nemendur geti ákveðið yfirborðsmeðferð hluta með efni og áhöld í huga og geti gefið hlutum útlit í samræmi við eigin smekk. Nemendur safna í sýnismöppu gögnum yfir þróun og útfærslu sinna hugmynda að verkefnum.

Verkefni: Gestabók, servíetturekki, brauðbakki, lampi og lítið borð eða stóll og ýmis tilfallandi verkefni fyrir skólann. Nemendur geta valið sér önnur sambærileg verkefni sem skila því sama. Önnur verkefni eru í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Kennsluhættir: Þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir þá er sýnikennsla notuð. Verklegr æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verkfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn og aðstoð eftir þörfum.

Námsmat: Símat þar sem lagt er mat á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköst. Þessir þættir gilda 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson.

Mósaík

Aðaláherslur: Að nemendur læri að búa til nytjahluti úr mósaík og hvernig nota má í mósaík mismunandi efni svo sem litað gler, flísar, gamalt leirtau og skeljar svo dæmi sé tekið. Nemendum er kennt að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og að fúga. Hvert verkefni á að undirbúa á þann hátt að sá hlutur sem tekinn er fyrir er teiknaður upp og munstur fært inn. Mikilvægt er að halda öllum gögnum vel saman svo sem myndum, skissum og öðru sem nemendur hafa stuðst við. Nemendur hafa aðgang að netinu og eiga þeir að nýta sér það og bókasafn skólans til að afla sér upplýsinga um mósaíkgerð. Þær heimildir geta auðveldlega orðið kveikja að þeirra verkum. Mjög gott er ef nemendur geta komið með gamalt brotið leirtau, flísaafanga eða annað sem getur nýst þeim. Einnig má benda á að hægt er að leggja mósaík á gömul borð og aðra sambærilega hluti og við það öðlast þeir nýtt líf. Möguleikarnir eru því óþrjótandi og ráðast yfirleitt af efnisvali og smekk hvers og eins hverju sinni.

Fjárhagsleg takmörk eru fyrir því hversu stór myndverk nemendur geta tekið *fyrir nema þeir leggi til hluta af kostnaði.*

Verkefni: Speglar, vasar, skálar, ramar, myndir, lampar, borð, bakkar og fleira .

Kennsluaðferðir: Innlögn kennara, sýnikennsla og síðan einstaklingskennsla eftir þörfum hvers nemanda.

Námsmat: Vinnusemi, hugmyndaauðgi, hegðun og sjálfstæði í tímum gildir 40% á móti verkefnum 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 tímar.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson.

E-Twinning

Aðaláherslur: Í E-Twinning í vetur verður lagt upp með sjálfstæð verkefni sem unnin verða í samvinnu við kennara víðs vegar um Evrópu. Nemendur koma til með að velja verkefni við hæfi og áhuga. Unnið verður að mestu á svæði E-Twinning sem er varið allri utanaðkomandi umferð og er því öruggt fyrir nemendur á öllum aldri.

Kennsluhættir: Unnið verður í tölvum ýmist einn og einn eða í smærri hópum. Flest verkefni sem verða unnin hafa nemendur valið sjálfir. Við munum gefa verkefni út í *veftímariti* með öðrum skólum þegar verkefni eru tilbúin.

Námsmat: Námsmatið verður frammistaða í tímum 20%, skil á verkefnum inn á E-Twinning svæðið 50% . Frumkvæði og hugmyndavinna 30%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Sigurður F. Sigurðarson.

Íþróttافرæði

Aðaláherslur: Að nemendur auki sjálfstæð vinnubrögð og tileinki sér reglusamt og heilbriggt lífverni. Að nemendur öðlist aukna þekkingu á flestum þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru hvað mest hér á landi. Að nemendur nái að tileinka sér reglulega líkamsrækt og beri virðingu fyrir líkama sínum og rækti hann samviskusamlega.

Námsefni: Boltaíþróttir, badminton, borðtennis, frjálsar íþróttir, fimleikar, boccía, leikir, stöðvaþjálfun, æfingar í tækjasal, þrek- og kraftæfingar, teygjur og slökun.

Kennsluhættir: Verklegir tímar í íþróttasal bæði undir stjórn kennara og eins fá nemendur að spreyta sig á tímastjórnun.

Námsmat: Nemendur taka ekki próf heldur eru metnir eftir ástundun, áhuga og virkni í tímum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Páll Gíslason.

Gerð myndbanda

Aðaláherslur: Að allir nemendur geri myndbönd með mismunandi verkefnum þannig að hver og einn geri eitt myndband tengt hverju verkefni. Að nemendur vinni sjálfstætt að gerð handrits fyrir upptöku, taki upp og klippi saman. Í lokin vinnur hópurinn saman að stuttmynd.

Verefni: Verkefni verða: Tónlistarmyndband, auglýsing, íþróttaviðburður, frétt og stuttmynd.

Kennsluhættir: Nemendur vinna sjálfstætt að handritagerð í tímum en þess utan taka þeir upp eftir skóla. Þeir halda dagbók utan um þann tíma sem þeir skila í þessi verkefni en heildartíminn í vetur er um 72 klst.

Námsmat: Verkefni á önninni 40%, dagbók metin í lok anna 40 %, frumkvæði og samvinna 20%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku að jafnaði.

Kennari: Sigurður F. Sigurðarson.